



Borgarráð

Skutlbílar - samkeppnisviðræður

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að auglýst verði tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um skutlbílaþjónustu (e. car sharing). Verkefnið verði skilgreint sem þróunarverkefni og standi yfir í tvö ár með möguleika á framlengingu í fjögur ár. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg leggi til bílastæði undir verkefnið og kaupi einnig 300 leyfi fyrir starfsmenn borgarinnar. Innkaupadeild verði falið að vinna auglýsingu í samvinnu við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og borgarlögmenn.

Greinagerð:

Þann 1. september 2014 skipaði borgarstjóri starfshóp um hjólaleigu í Reykjavík. Á fundi borgarráðs þann 23. október 2014 var svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 21. október 2014, samþykkt: Lagt er til að borgarráð samþykki að til viðbótar við þegar skilgreind verkefni starfshóps um hjólaleigu í Reykjavík bætist eftirfarandi verkefni við: Að greina kosti þess að innleiða flýtibíla í Reykjavík. Að skoða hvernig megi nýta bílastæðahús borgarinnar betur sem tengistöð ólíkra samgöngumáta. Starfshópurinn skilaði skýrslu í maí 2015.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að fyrir nokkrum árum stóð Reykjavíkurborg fyrir því ásamt fleiri fyrirtækjum að skoða möguleika á skutlbílaþjónustu. Haft var samband við bílaleigurnar og sérfræðingur frá Gautaborg kom á fund og kynnti fyrirkomulagið í Gautaborg. Niðurstaðan eftir þessa skoðun þá var sú að verkefnið gæti verið áhugavert. Hins vegar var ljóst að erfitt gæti verið að fá fyrirtæki til að bjóða slíka þjónustu vegna kostnaðar við að koma búnaði fyrir í bílunum og aðstöðu vegna þjónustunnar.

Slík þjónusta gæti komið í stað borgarbíla sem starfsmenn borgarinnar nota í dag við ákveðnar aðstæður til þess að komast milli staða.

Skutlbílaþjónustur eru hluti af breyttu neyslu- og menningarmynstri í borgarsamfélögum og einungis tímaspursmál hvenær þær munu verða hluti af Reykjavíkurborg.

Skutlbílar styðja samgöngustefnu borgarinnar með margvíslegum hætti:

- Tækifæri gefst til að hvetja til notkunar almenningsvagna með sérstökum samningum við Strætó bs. Sama gildir um önnur fyrirtæki sem myndu nýta sér skutlbíla.
- Sérstakt tækifæri gefst nú þegar bílasamningum við starfsmenn hefur verið sagt upp. Eins má velta upp leiðum til að styðja við hjólreiðar starfsmanna. Færri koma á eigin bíl til vinnu.
- Rafmagnsbílar minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda og nýta innlenda endurnýjanlega orku.

Hrólfur Jónsson